



Reglur um íbúðir í eigu Breiðdalshrepps

1. Íbúðir í eigu Breiðdalshrepps skal auglýsa til leigu á heimasíðu sveitarfélagsins og skriflegum umsóknum skal skilað til skrifstofu Breiðdalshrepps á þar til gerðum eyðublaðum. Á umsóknar-eyðublaði skal umsækjandi staðfesta að hann hafi kynnt sér reglur þessar og samþykkir að hlíta þeim.
2. Eftir að umsóknafrestur er liðinn skulu umsóknir lagðar fyrir næsta fund sveitastjórnar sem tekur ákvörðun um hverjum skal leigð viðkomandi íbúð.
3. Áður en skriflegur húsaleigusamningur er gerður skal íbúðin tekin út af verkstjóra Áhaldahúss samkvæmt úttektarblaði og staðfest af sveitarstjóra.
4. Leigjandi skal leggja fram tryggingu frá banka vegna hugsanlegs tjóns sem hann kann að valda á íbúðinni og gagnvart hugsanlegum vanefndum á greiðslum. Lágmarkstrygging skal vera sem nemur leigu til þriggja mánaða. Heimilt er að leggja upphæð tryggingar beint inn á reikning Breiðdalshrepps.
5. Leigjandi fær lykla afhenta af íbúð þegar trygging og skriflegur húsaleigusamningur liggur fyrir, ekki fyrr.
6. Leigjandi skal sjá um að garður og umhverfi sé vel hirt. Breiðdalshreppi er heimilt að framkvæma slátt og umhirðu á kostnað leigjanda ef þessu er ekki sinnt.
7. Hunda- og kattahald er bannað í íbúðum í eigu Breiðdalshrepps.

Ákvæði til bráðabirgða: Undanþága gagnvart 6. gr. eru þeir leigjendur sem nú þegar eru í íbúðum sveitarfélagsins og eru með hunda eða ketti. Þeim leigjendum er þó óheimilt að bæta dýrum við.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Breiðdalshrepps þann 19. apríl 2011

Páll Baldursson
Sveitarstjóri